

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 696/2014

2015/EES/23/08

frá 24. júní 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi erúkasýru í jurtaolíum og fitu og matvælum sem innihalda jurtaolíur og fitu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir aðskotaefni í matvælum.
- 2) Hámarksgildi fyrir erúkasýru í olíum og fitu, sem ætluð eru til manneldis, og matvælum sem innihalda viðbætta olíu eða fitu voru fastsett með tilskipun ráðsins 76/621/EBE⁽³⁾. Erúkasýra er náttúrulegt plöntueitur sem er mengunarefni samkvæmt skilgreiningunni á mengunarefninu sem gefin er í reglugerð (EBE) nr. 315/93 þar eð erúkasýra í matvælum er afleiðing landbúnaðarframleiðslunnar, einkum vali á yrki. Til að einfalda löggjöfina er því rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir erúkasýru í reglugerð (EB) nr. 1881/2006. Ennfremur þykir rétt að samræma ákvæði um matvæli með fituinnihald sem samsvarar eða er minna en 5%. Síðan ætti að fella tilskipun 76/621/EBE úr gildi með sjálfstæðum lagagerningi.
- 3) Vísindanefndin um matvæli lagði áherslu á hentugleika hámarksgildis fyrir erúkasýru í álitinu sínu frá 17. september 1993 um grunnkröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur⁽⁴⁾.
- 4) Strangari hámarksgildum fyrir erúkasýru í ungbarnablöndum og stoðblöndum var komið á með tilskipun ráðsins 2006/141/EB⁽⁵⁾; rétt þykir að tilgreina þessi hámarksgildi einnig í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 76/621/EBE frá 20. júlí 1976 um mesta leyfilegt magn erucic-sýru í olíu og fitu sem ætluð er til manneldis og matvælum sem innihalda viðbætta olíu eða fitu (Stjtið. EB L 202, 28.7.1976, bls. 35).

⁽⁴⁾ http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_34.pdf

⁽⁵⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 bætist við eftirfarandi 8. þáttur, „Náttúrulegt plöntueitur“.

„8. þáttur: Náttúrulegt plöntueitur

	Matvæli ⁽¹⁾	Hámarksgildi (g/kg)
8.1	Erúkasýra	
8.1.1	Jurtaolía og fita	50 (*)
8.1.2	Matvæli sem innihalda viðbættar jurtaolíur og fitu að undanskildum matvælum sem um getur í 8.1.3	50 (*)
8.1.3	Ungbarnablöndur og stoðblöndur ⁽⁸⁾	10 (*)

(*) hámarksgildið á við um magn erúkasýru, reiknað út frá heildarmagni fitusýra í fituþætti matvæla.

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO